

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Ísafjarðarbæ samkvæmt gjaldskrá þessari og gildandi samþykkt um fráveitu í Ísafjarðarbæ, nr. 1400/2023.

2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera fast árgjald á hverja fasteign auk árlegs fermetragjalds.

Fast árgjald á hverja fasteign	8.000 kr.
Árlegt fermetragjald	265 kr./m ²

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Rotþróagjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Árlegt gjald fyrir hreinsun og losun rotþróa	15.050 kr.
Umbeðin auka hreinsun og losun	40.280 kr.
Kílómetragjald vegna aukalosunar	800 kr./km

Miðað er við að rotþrær séu losaðar og hreinsaðar á þriggja ára fresti.

3. gr.

Holræsagjald og rotþróargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjald og rotþróargjald nýtur aðfararheimildar skv. 3. tl. 16. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Holræsagjald og rotþróargjald njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækka holræsagjald og rotþróargjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009.

5. gr.

Gjalddagar holræsagjalds og rotþróargjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið og rotþróargjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2026.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu í Ísafjarðarbæ nr. 1243/2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 30. október 2025.

Ísafirði, 30. október 2025.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 14. nóvember 2025